

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 131 í stjórn Herjólfss ohf., haldinn 27. mars 2024 kl. 12:00

í fundarsal að Ægisgötu 2.

Mættir voru: Páll Scheving Ingvarsson, Agnes Einarsdóttir, Guðlaugur Friðþórsson, Sæunn Magnúsdóttir, Rannveig Ísfjörð og Hörður Orri Grettisson framkvæmdastjóri. Sigurbergur Ármannsson og Helga Kristín Kolbeins sátu fund gegnum síma.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina.

Á dagskrá fundarins voru fjórir dagskrárliðir:

1. **Drög að uppgjöri jan.-feb.2024.**

Framkvæmdastjóri kynnti drög að uppgjöri fyrstu 2ja mánaða ársins. Góður gangur er þrátt fyrir erfiðleika í Landeyjahöfn. Frkv.stjóra er þökkuð yfirferðin.

2. **Ársreikningur 2023, drög.**

Framkvæmdastjóri kynnti endanleg drög að ársreikningi 2023. Farið var yfir ýmsa rekstrarliði. Aðalfundur verður haldinn 10.apríl n.k. Stjórn lagði til að hækkun stjórnarlauna fylgi almennum kjarasamningum framvegis.

3. **Kaup Herjólfss ohf.á Básaskersbryggju 2.**

Fyrir lá samþykkt tilboð í Básaskersbryggju 2, jarðhæð. Kaupverð er kr.65.500.000. Tilboðið var með fyrirvara um samþykki stjórnar Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss ohf. og eiganda alls hlutafjár í Vestmannaeyjaferjunni Herjólfss ohf., Vestmannaeyjabæjar. Stjórn Herjólfss samþykkir tilboðið fyrir sitt leyti og veitir framkvæmdastjóra, Herði Orra Grettissyni, umboð til að undirrita kaupsamning og önnur skjöl vegna kaupanna.

4. **Önnur mál.**

Herjólfur ohf. áætlað að halda íbúafund þann 10.apríl kl.17:30 í Akóges. Þar verða á pallborði Hörður Orri Grettisson framkvæmdastjóri og Páll Scheving Ingvarsson formaður stjórnar. Í skoðun er að að bæta við ferðum í júlí n.k. þar sem oftast er uppselt fyrir bíla í þeim mánuði.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður 23.apríl 2024.

Fundi slitið kl. 13:25.

Fundargerð ritaði Agnes Einarsdóttir.